

19. apríl 2024 - Fréttatilkynning

Sjóvá – Árshlutauppgjör

421 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 97,0% á fyrsta ársfjórðungi

Fyrsti ársfjórðungur 2024 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 242 m.kr. (1F 2023: 95 m.kr. tap)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 363 m.kr. (1F 2023: 812 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 421 m.kr. (1F 2023: 636 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,2% (1F 2023: 1,6%)
- Samsett hlutfall 97,0% (1F 2023: 101,3%)
- Horfur fyrir árið 2024 eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingasamningum fyrir árið 2024 og til næstu 12 mánaða áætluð 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%.

Hermann Björnsson, forstjóri:

Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi nam 421 m.kr. og samsett hlutfall var 97%. Afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði var 703 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum var 242 m.kr.

Tekjur af váttryggingasamningum jukust um 10,1% samanborið við sama tímabil í fyrra og er tekjuvöxturinn jafnt á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

Almennt séð var tjónapróun í takt við áætlanir og umsvif í þjóðfélaginu þar sem tíðarfarar var nokkuð betra en á 1F 2023. Eitt stórt brunatjón kom inn í okkar bækur á fjórðungnum. Í áætlunum er gert ráð fyrir tjónum af þessari stærðargráðu en eðli máls samkvæmt hafa þau afgerandi áhrif í þeim fjórðungi sem þau falla til.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta var 703 m.kr. sem er ásættanlegt í ljósi markaðsaðstæðna en miklar sveiflur hafa verið á eignamörkuðum það sem af er ári. Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf skiluðu jákvæðri ávöxtun á fjórðungnum en skráð – og óskráð hlutabréf neikvæðri ávöxtun. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var -1,1%, ríkisskuldabréfa 2,6% og safnsins alls 1,2%. Í lok fyrsta fjórðungs nam stærð eignasafnsins 56,6 milljörðum kr.

Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum var samþykkt á aðalfundi 7. mars 2024 og hefur nú samþykki fengist frá Fjármálaeftirlitinu. Endurkaup félagsins munu sem fyrr taka mið af gjaldþolsviðmiðum stjórnar.

Í byrjun apríl voru 10 ár frá skráningu Sjóvár á aðallista kauphallarinnar. Frá skráningu hefur Sjóvá orðið að stærsta váttryggingafélagi landsins, skilað jákvæðri afkomu af váttryggingasamningum á hverju ári og ánægja viðskiptavina hefur aukist en Sjóvá hefur verið efst fjármálafyrirtækja í Íslensku ánægjuvuginni síðastliðin 7 ár. Þá hefur félagið reynst afar arðbært fyrir eigendur með hagfelldri þróun hlutabréfaverðs félagsins ásamt reglulegum greiðslum til hluthafa.

Þá er gaman að segja frá því að í ár eru 25 ár síðan samstarf Sjóvár og Landsbjargar hófst. Sjóvá hefur átt í afar farsælu samstarfi við félagið í tengslum við ýmis forvarnarverkefni, öryggismál og tryggingar. Þá styrkti Sjóvá Landsbjörg árið 2022 um 142,5 m.kr. til kaupa á þremur skipum sem hafa nú öll verið tekin í notkun. Við erum afar stolt af því að hafa stutt við bakið á þessu öflugna félagi eins lengi og raun ber vitni og hlökkum til að halda þessu góða samstarfi áfram.

Horfur fyrir árið 2024 eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingasamningum fyrir árið 2024 og til næstu 12 mánaða áætluð 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%. Þá eru áhrif áfallinna vaxta (vöxtunar) váttryggingaskuldar í samræmi við væntingar á fjórðungnum og má ætla að áhrifin verði neikvæð um 1.600-1.800 m.kr. á árinu 2024. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 9,0% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á fjárfestingastefnu.

Kynningarfundur 19. apríl kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 19. apríl kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni:

<https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-1f-2024/>

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

2. ársfjórðungur 2024.....	17. júlí 2024
3. ársfjórðungur 2024.....	21. október 2024
Ársuppgjör 2024.....	6. febrúar 2025
Aðalfundur 2025.....	13. mars 2025

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fyrsta ársfjórðungs 2024.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	1F 2024	1F 2023	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.081.709	7.338.305	10,1%
Tjón tímabilsins	(6.000.789)	(6.592.442)	-9,0%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.620.132)	(1.533.919)	5,6%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(218.828)	693.377	-
Afkoma af váttryggingasamningum	241.960	(94.680)	-
Hreinar fjármunatekjur	285.199	439.309	-35,1%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	499.164	437.494	14,1%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(81.012)	(78.308)	3,5%
Afkoma fjárfestinga	703.352	798.495	-11,9%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(340.151)	13.931	-
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	363.201	812.426	-55,3%
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	605.161	717.745	-15,7%
Aðrar tekjur	29.474	43.505	-32,3%
Annar rekstrarkostnaður	(12.941)	(13.831)	-6,4%
Annar fjármagnskostnaður	(16.809)	(16.933)	-0,7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	604.884	730.487	-17,2%
Tekjuskattur	(183.627)	(94.967)	93,4%
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins	421.257	635.520	-33,7%
Helstu kennitölur	1F 2024	1F 2023	
Tjónahlutfall	74,3%	89,8%	
Endurtryggingahlutfall	2,7%	(9,4%)	
Kostnaðarhlutfall	20,0%	20,9%	
Samsett hlutfall	97,0%	101,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	10,8%	14,2%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	7,6%	12,3%	
Eiginfjárlutfall	30,2%	31,3%	
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	1,40	1,44	
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	3,23	3,33	
Helstu liðir úr efnahagsreikningi	31.3.2024	31.12.2023	
Verðbréf	54.169.773	54.267.272	
Endurtryggingaeignir	1.982.500	1.815.922	
Eignir samtals	70.491.066	69.304.836	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	38.596.442	36.748.810	
Eigið fé samtals	21.290.588	23.321.301	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung 2024 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 19. apríl 2024. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.